

borga umrætt lán, enda hafi það alltaf verið á áhættu stefnds sjálfs, hvort hann gat staðið straum af því eða ekki.

Sömuleiðis telur rétturinn, að stefnandi hafi alveg á eigin áhættu haft hús sitt það stórt, að hann gæti haft þar póstafgreiðslu, á meðan hann fengi að halda henni.

Það verður því ekki skv. framansögðu talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna nokkur þau afskipti þings eða stjórnar af umræddri lánveitingu eða póstafgreiðslustarfi, er geri það að verkum, að rikissjóði hafi skapazt nokkur skaðabótaskylda eða skylda til að kaupa hús stefnanda við það, að honum var sagt upp póstafgreiðslustarfinu árið 1930.

Dómkröfur stefnanda verða því ekki taldar hafa við rök að styðjast, og er ekki eftir málavöxtum ástæða til að athuga þær nánar.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Mánudaginn 10. maí 1937.

Nr. 185/1936. Margrete Kristoffersen

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Birni Sæmundssyni (Sjálfur).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. okt. 1936: Synji kærður, Björn Sæmundsson, fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda, Margrete Kristoffersen, á tímabilinu frá 5. nóvember 1935 til 25. janúar 1936, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann

teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 25. september þ. á., greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur faðir að sveinbarni því, er hún ól þann 25. sept. f.á., og til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til hennar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði hennar. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver sem málsúrslit verði. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir framhaldsrannsókn í málinu farið fram í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 9. marz og 29. og 30. apríl þ. á., að tilhlutun málflutningsmanns áfrýjanda hér fyrir rétti. Ennfremur hefir, eftir að héraðsdómur var uppkveðinn, farið fram rannsókn á blóði aðilja og barns áfrýjanda, og með þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi reyndist vera af aðalflokki O og undirflokki MN, barn hennar af aðalflokki O og undirflokki N og stefndi af aðalflokki B og undirflokki MN. Blóðrannsókn þessi sannar þannig hvorki né afsannar, að stefndi sé faðir að barninu.

Áfrýjandi hefir í prófum málsins skýrt þannig frá kynnum sínum af stefnda. Fyrst kveðst hún hafa hitt hann á götum Reykjavíkur að kvöldi dags kringum 1. des. 1935. Hafi þá nafngreind dönsk

stúlka, sem nú sé ekki lengur hér á landi, verið í fylgd með áfrýjanda, en í fylgd með stefnda hafi verið tveir menn. Hafi þau fimm síðan fylgzt að upp að Landakotskirkju. Þar hafi stefndi skilið við þau, en hinir mennirnir tveir fylgt þeim áfrýjanda og kunningjakonu hennar niður á Öldugötu og skilið þar við þær, en áfrýjandi átti þá heima á Öldugötu 19. Nokkrum dögum síðar kveður áfrýjandi, að stefndi hafi hringt til hennar og spurt, hvort hún vildi hitta hann þá um kvöldið, en hún hafi svarað því, að það gæti hún ekki gert. Hinn 10. des. hafi stefndi hringt aftur og mælt til þess, að áfrýjandi hitti hann þá um kvöldið, og kveðst hún þá hafa lofað því. Kveður hún stefnda síðan hafa sótt sig í bifreið um kvöldið, og hafi þau ekið heim til stefnds á Sellandsstíg 5. Hinn 12. s. m. hafi stefndur sótt hana aftur í bifreið, og hafi þau þá einnig farið heim til hans. Kveður hún bifreið þá, er þau óku þá í, hafa verið nr. 1043 frá Steindórs bifreiðastöð, en bifreiðarstjóri hafi verið Vilhjálmur Þórðarson, en með honum og í þessari sömu bifreið hafi hún ekið með húsbændum sínum í vikutíma sumarið áður. Kveðst áfrýjandi síðan hafa komið öðru hvoru heim til stefnda og í eitt skipti farið með honum í Gamla Bió og á Hótel Ísland. Í fyrstu 5—6 skiptin, er þau voru saman, hafi þau ekki haft holdlegar samfarir, en nokkru fyrir jól 1935 hafi þau í fyrsta sinn haft slíkar samfarir heima hjá stefnda. Síðan kveðst áfrýjandi hafa átt samræði við stefnda nokkrum sinnum, og hafi hið síðasta átt sér stað fyrst í janúar 1936. Öll samræðin hafi farið fram á heimili stefnda á Sellandsstíg 5. Lýsti áfrýjandi því yfir í réttinum, að hún hefði aldrei haft holdlegar samfarir við annan karlmann en stefnda, og gæti

því ekki verið öðrum til að dreifa sem föður að barninu.

Stefndi hefir stöðugt neitað því, að hann hafi nokkru sinni haft holdlegar samfarir við áfrýjanda. Í þinghaldi 30. okt. f. á. skýrði hann svo frá, að hann hefði aðeins séð áfrýjanda í eitt skipti, þ. e. þegar hann, eins og áfrýjandi skýrði frá, hefði fylgzt með henni ásamt fleira fólki upp að Landakotskirkju í desember 1935. Í þinghaldi 29. apríl þ. á. lýsir hann því þó yfir, að eftir hann sá áfrýjanda fyrst, hafi hann oft séð hana bæði á kaffihúsum og á dansleikjum, en ekki hafi hann átt tal við hana, og aldrei hafi hún komið á heimili sitt.

Vilhjálmur Þórðarson, bifreiðarstjóri, sem fyrr er nefndur, hefir borið sem vitni í málinu og staðfest með eiði, að „haustið 1935“, nánar kveðst hann ekki geta tilgreint tímann, hafi hann ekið stefnda frá Bifreiðastöð Steindórs vestur á Öldugötu 19 og tekið áfrýjanda þar í bifreiðina. Hafi hann síðan ekið þeim þaðan á Sellaandsstíg 5, en þar hafi þau orðið eftir. Kveðst vitnið hafa þekkt áfrýjanda frá því, að hann hafi ekið húsbændum hennar og henni austur um sveitir sumarið 1935.

Þá hefir Sigurður Kristinsson, bifreiðarstjóri, borið sem vitni í málinu og staðfest með eiði, að hann hafi einhverntíma ekið áfrýjanda og stefndum saman í bifreið, að hann minnir að bió eða kaffihúsi, en kveðst ekki geta greint nánar frá því.

Húsmóðir áfrýjanda, frú Eba Friðriksson, hefir ennfremur borið það sem vitni í málinu, að hún hafi séð þau áfrýjanda og stefnda saman á stefnumóti, er átt hafi sér stað við Öldugötu 19, og að hún álti sig hafa talað við stefnda eitt sinn, er

spurt var eftir áfrýjanda í síma. Tók stefndi vitnisburð þennan gildan án eiðfestingar.

Þá má telja það upplýst í málinu, að áfrýjandi hafi um jólin 1935 keypt ermahnappa og látið grafa í þá upphafsstafina B. S. Kveðst hún hafa ætlað að gefa stefnda þá, en af því hafi ekki orðið vegna þess, að kunningsskap þeirra sleit þá eftir nýjárið. Keypti nafngreind kona síðan hnappa þessa af áfrýjanda.

Loks hefir áfrýjandi, í þinghaldi 29. apríl þ. á., lýst mjög nákvæmlega herbergi stefnda á Sellandsstíg 5, inngangi í það og húsgögnum í því. Hefir stefndi viðurkennt lýsinguna rétta að tveimur smávægilegum atriðum undanskildum. Hinsvegar heldur stefndi því fram í þessu réttarhaldi, að í þinghaldi 30. okt. f. á. hafi áfrýjandi átt að lýsa herberginu, en þá ekki getað það, nema að litlu leyti, og hafi hann orðið að leiðrétta hana. Í þinghaldinu 30. okt. er ekkert bókað um lýsingu áfrýjanda á herberginu, né hvort hún hafi verið um það spurð, en áfrýjandi kveðst hafa lýst herberginu þá á sama hátt og í þinghaldinu 29. apríl. Er ekki upplýst, hvað fram hafi farið í þinghaldinu 30. okt. viðvirkjandi þessu atriði.

Þegar athugað er allt það, sem að framan greinir, þá virðist áfrýjandi hafa flutt fram atriði, sem veita nægilega sterkar líkur til þess, að málsúrslit verði látin velta á eiði hennar, sbr. 15. gr. laga nr. 46/1921 og nú 213. gr. laga nr. 85/1936, þannig, að ef hún vinnur, eftir löglegan undirbúning, innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa, á varnarþingi samkv. 166. gr. laga nr. 85/1936, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við stefnda á tímabilinu frá 15. des. 1935 til 15. janúar 1936, þá skal

hann talinn faðir að sveinbarni því, er áfrýjandi ól hinn 25. september 1936, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og stefndi greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti samtals 200 krónur. Ef áfrýjanda verður hinsvegar eiðfall, þá á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Rannsókn máls þessa, áður en dómur gekk í héraði, var mjög ábótavant. Þrátt fyrir það, þótt stefndi neitaði að hafa séð áfrýjanda nema eitt skipti, verður ekki séð, að hún hafi áður en dómur gekk verið spurð um jafn sjálfsögð atriði og þau, hvenær, hvar og hve oft fundum þeirra hafi borið saman. Þá verður heldur ekki séð, að neitt hafi verið gert til að upplýsa, hvort nokkur hafi haft vitneskju um kynningu málsaðilja. Blóðrannsókn var ekki framkvæmd fyrr en eftir að dómur var genginn í héraði, og sést ekki, að aðiljar hafi verið spurðir um, hvort þeir óskuðu blóðrannsóknar.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Margrete Kristoffersen, vinnur innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, að hún hafi á tímabilinu frá 15. desember 1935 til 15. janúar 1936 haft holdlegar samfarir við stefnda, Björn Sæmundsson, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem áfrýjandi ól hinn

25. september 1936, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefndi henni samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í þessu máli, enda greiði hún honum þá 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Þann 25. september þ. á. ól ógift stúlka, að nafni Margrete Kristoffersen, til heimilis á Klapparstig 17 hér í bænum, fullburða sveinbarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Björn Sæmundsson, til heimilis á Sellandsstig 5 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta höfðað gegn honum eftir ósk barnsmóður, og hefir hún gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að kærður verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð samkv. úrskurði yfirvalds og málskostnað eftir mati réttarins.

Kærandi heldur því fram, að hún hafi kynnt kærðum í desembermánuði fyrra ár, og hafi hún haft nokkrum sinnum holdlegar samfarir við hann um jólin síðastliðið ár og sé barn þetta ávöxtur af þeim samförum.

Kærður heldur því hinsvegar fram, að hann hafi aðeins einu sinni hitt kæranda úti á götu, en neitar því með öllu, að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana.

Úrslit þessa máls verða að vera komin undir eiði annarshvors aðilja, þar sem þeim ber svo mjög á milli um málavöxtu, og með því að ekki verður séð, að annað þeirra hafi líkurnar frekar með sér en hitt, þykir rétt að

dæma kærðum eiðinn, þannig að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu frá 5. nóvember 1935 til 25. janúar 1936, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 25. september þ. á., greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. maí 1937.

Nr. 119/1936. Sigurður Berndsen

(Lárus Jóhannesson)

gegn

lögreglustjóranum í Reykjavík f. h.

rikissjóðs (Stefán Jóh. Stefánsson).

Héraðsdómur ómerktur ex officio í hæstarétti, með því að talið var, að héraðsdómari hefði átt að víkja úr dómarasæti ex officio.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1936: Stefndur, lögreglustjóri Gústav A. Jónasson f. h. rikissjóðs, skal vera sýkn af kröfu stefnandans, Sigurðar Berndsen, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndum kr. 150.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Uppboð það, sem í hinum áfrýjaða dómi getur og fellt var úr gildi með dómi hæstaréttar 25. okt. 1935 fyrir þá sök, að það þótti ekki birt með